



2. mars 2020

Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar)

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (tilhögun strandveiða).

Með frumvarpi þessu er lagt til að fellt verði á brott úr lögum ákvæði um að óheimilt sé að stunda strandveiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Að mati samtakanna mun þessi aðgerð grafa undan sóknarstýringu strandveiðanna. Ekki verður betur séð en að sá aflí sem þessum bátaflokki er ætlaður geti þá náðst fyrir á veiðitímabilinu, sem skapar þrýsting á að veiðar verði ekki stöðvaðar við þær aðstæður þegar heildaraflí hefur náðst. Þær aðstæður leiða í kjölfarið til þrýstings á flutning meiri aflaheimilda til strandveiðiflotans á kostnað annarra sem fiskveiðar stunda. Þessar afleiðingar eru því miður þekktar.

Þegar reglum um strandveiðar var breytt síðast, með þeim hætti að veiðar á öllum svæðum yfir allt veiðitímabilið voru úr einum sameiginlegum aflahámarkspotti, en ekki skipt niður á veiðisvæði og veiðitímabil, og veiðar þar með ekki stöðvaðar fyrir en sýnt þótti að heildarafla án tillits til svæða og tímabila yrði náð, var því svæði við Vesturland og Vestfirði þar sem fiskurinn gefur sig fyrst á vorin veitt samkeppnisforskot um aflann í pottinum, á kostnað þeirra sem stunda strandveiðar á öðrum svæðum. Ef breyting sú sem lögð er til með frumvarpinu yrði að lögum þá ykist þetta forskot á kostnað annarra svæða enn meira, þar sem meiri líkur yrðu á að þeir sem fyrstir koma að veiðunum geti nýtt fleiri góða veiðidaga, enda úr mun fleiri dögum að velja í hverjum mánuði en áður. Þar með fengju hlutaðeigandi aðilar meiri afla til sín úr sameiginlegum potti áður en þeir sem stunda veiðar á öðrum svæðum geta hafið veiðar að nokkru marki.

Þessi breyting stuðlar því að enn frekari tilflutningi veiðitækifæra vestur á kostnað annarra landshluta, nema að enn verði aukið við strandveiðiheimildir.

Afleiðing þessa gæti þannig orðið tvíþætt:


1. Strandveiðar yrðu í vaxandi mæli líkari hefðbundnum atvinnuveiðum sem stundaðar væru við landið vestanvert. Slíkt var ekki markmið strandveiðanna;
2. Ef ákvæði reglugerðar vegna strandveiða ársins 2020 yrðu með sama hætti og ákvæði reglugerðar árið 2019 yxi hættan á því að enn þyrfti að auka við það aflamagn sem ætlað er til strandveiða.

Loks skal vakin athygli á því að stækkun aflapotts til strandveiða hefur verið árviss. Flutningsmenn styðja mál sitt með þeim rökum að það sé í þjóðarhag að allur heimilaður þorskaflí til strandveiða náist. Við þetta má gera þá athugasemd að hagkvæmara væri og

hagstæðara út frá sjónarmiðum byggðafestu, að nýta aflaheimildir þessar í atvinnuveiðum sem stundaðar eru á ársgrundvelli.

Sú þróun, sem verið hefur í reglum um strandveiðar, í þá átt að bora fleiri göt í virka fiskveiðistjórnun, er áhyggjuefni. Mikilvægt er að umræðan byggji á skilningi og skýrri sýn. Í því sambandi er rétt að umræðan um strandveiðar fari fram samtímis og á sama vettvangi og sú almenna umræða sem framundan er um notkun á 5,3% heildarafla sem ríkið tekur til sín.

Virðingarfyllst,
f.h. SFS


Kristján Þórarinnsson


Heiðmar Guðmundsson





Patreksfjörður 10.2.2020

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátæigenda í Barðastrandarsýslu

Umsögn um:

Pingskjal 118 — 118. mál. 150. löggjafarþing 2019–2020.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (tilhögun strandveiða).

Strandveiðifélagið Krókur fagnar frumvarpi um afnám dagatakmarkunar í strandveiðikerfinu og leggur til að gengið verði lengra í frumvarpi þessu svo strandveiðikerfið nái að veiða þær aflaheimildir sem til þess er lagt. Viljum við leggja til eftirfarandi breytingu á:

5. tölul. 6. mgr. 6. gr. a – : Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga **700 kg**, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.

Aftan við: Heimilt er hverju skipi að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst. – komi: **að hámarki 4 róðra í viku.**

Greinargerð:

48 daga fyrirkomulagið hefur reynst vel eins og kemur fram í greinargerð Ingu Sæland með frumvarpi þessu og teljum við að rými sé fyrir ráðherra til að færa óveiddar heimildir síðasta árs til þessa árs eins og tíðkast í öðrum úthlutunum s.s. byggðakvóta. Með því að auka hámarkskafla pr. dag úr 650 þorskígildum í 700, mundi heildarafla að hámarki aukast um 7,7% og um leið hagkvæmni aukast við strandveiðar ásamt því að stuðla að minni eldsneytisnotkun pr. kg. Með hámarksnýtingu slíkrar aukningar (er þó ekki raunhæft að reikna með að allir nái að jafnaði að fullnýta slíka aukningu) hefði heildarafla 2019 getað verið 10.450 tonn í stað 9.700 (munur uppá 750 tonn).

Sú aflaaukning sem kæmi til vegna afnáms dagatakmarkana eins og kveðið er um í frumvarpinu yrði ekki jafn mikil og halda mætti, heldur yrði það aðallega betri afurð sem menn myndu sækja þegar velja er hægt um fleiri góðviðrisdaga þó vissulega yrði aukning á heildarafla þar sem fleiri geta náð sínum 12 dögum.

Það er mat okkar að áður óveiddar heimildir ásamt möguleika ráðherra að finna ónýttar heimildir í 5,3% pottinum áður en strandveiðivertíð lýkur, mundu nægja til að tryggt sé að ekki komi til stöðvunar áður en 48 daga fyrirkomulaginu er náð.

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður